

Nd.

195. Nefndarálit

[143. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

Frá 1. minni hl. iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd Nd. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Við undirritaðir leggjum til að frv. verði samþykkt, þ. e. að staðfestur verði samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Limited, dags. 5. nóv. 1984, um viðauka við aðalsamning milli sömu aðila, dags. 28. mars 1966, með síðari viðaukum, um byggingu og rekstur álbræðslu við Straumsvík. Þessi afstaða okkar er í samræmi við skoðun þingflokks Framsóknarflokksins.

Þrátt fyrir þessa afstöðu okkar höfum við undirritaðir ýmsar athugasemdir að gera varðandi þetta mál í heild. Þótt atvik og aðstæður í málinu leiði til þeirrar niðurstöðu að rétt sé að staðfesta fyrirbyggjandi samning með lögum fer því fjarri að aðrar eða víðtækari ályktanir sé hægt að draga af því um ágæti samskipta Íslendinga við svissneska auðhringinn Alusuisse í fortíð, nútíð og framtíð. Aðalsamningurinn frá 1966, sem er grundvöllur allra viðskipta Íslendinga við Alusuisse, er þess eðlis að ekki er að vænta góðrar samningsaðstöðu um breytingar Íslendingum til hagsbóta. Á þetta að sjálfsögðu við um samninginn í heild, en þó hvað helst um þau ákvæði sem fjalla um orkuverð, skatta og meðferð deilumála fyrir dómstólum. Hafa öll þessi ákvæði reynst þung í vöfum og óhagstæð Íslendingum, seinvirk og afar kostnaðarsöm.

Miðað við anda og efni aðalsamnings frá 1966 var því ekki að vænta meiri árangurs en fram er kominn af starfi samninganefndar Íslendinga við Alusuisse um þann ágreining, sem uppi hefur verið síðustu 2—3 ár um skattamál og orkuverð og ýmis önnur atriði í samskiptum aðila. Aðalsamningur verndar Alusuisse og Íslenska álfélagið í bak og fyrir um flest þau atriði sem mestu skipta.

Þá kemur það og til, sem ekki hefur bætt aðstöðu samninganefndar og iðnaðarráðherra þegar til kastanna kom, — og á þetta leggjum við undirritaðir mikla áherslu, — að orkuverð til álbræðslna hefur verið að lækka að undanfögnu í heiminum og er enn lækkandi og ríkir alger óvissa um hvort eða hvenær það kynni að hækka í framtíðinni. Ástæðan til þess að orkuverð fer lækkandi er augljós: *Áliðnaður er í lægð og er óálitlegur atvinnuvegur eins og stendur, og framtíð áliðnaðar getur ekki talist ákaflega björt, heldur hið gagnstæða.*

Að vísu hafa gestir iðnaðarnefndar kynnt nefndarmönnum s. k. „spár“ erlendra ráðgjafarfyrirtækja sem gera sér það að atvinnu að „spá“ um framtíðarhorfur í áliðnaði, þ. e. hvenær „líkur“ séu fyrir því að hagur áliðnaðar taki að vænkast, en um það eru spámenn þessir nú spurðir. Undirritaðir nefndarmenn telja varhugavert að gera mikið úr slíkum spám og vona á þær, ekki af því að spámennirnir kunni ekki til verka, svo sem verða má, heldur vegna þess að hér er um þess háttar líkindareikning að ræða sem háður er mikilli

óvissu. Spá af þessu tagi er fjarri því að vera óskeikul. Allt eins má hugsa sér að álkreppan eigi eftir að vaxa enn og vara lengur en séð verður. Það þyrfti ekki annað en t. d. að flugvélagæð breyttist, sem gæti orðið innan ekki mjög langs tíma, með þeim afleiðingum að ál hentaði ekki sem smíðaeftni í flugvélar, auk þess sem endurvinnsla áls (t. d. álumbúða af ýmsu tagi) ykist verulega og áliðnaður breyttist þannig í eðli sínu.

Íslendingar ættu að fara sér hægt í að einbeita áhuga sínum og framtaki að slíkum vonarpeningi sem álbræðsla er í atvinnuuppbyggingu í framtíðinni.

Með tilliti til þessa tvenns sem hér hefur verið rakið, í fyrsta lagi *óhagstæðs aðalsamnings frá 1966* og í öðru lagi *kreppu í áliðnaði*, teljum við undirritaðir að samningsaðstaða Íslendinga við Alusuisse um hækkad raforkuverð hafi ekki verið góð. Því teljum við að ekki sé ástæða til að vanmeta þá niðurstöðu sem fyrir liggur um raforkuverðið. Sé málið virt í heild var naumast við betri kjörum að búast. Íslendingar eru og verða heftir af grundvallarsamningi um álbræðsluna í Straumsvík frá 1966. Af þeim samningi hljóta Íslendingar að súpa seyðið til loka samningstímabilsins. Telja verður þó að miðað hafi í rétta átt um endurbót á aðalsamningi að því leyti að bætt hefur verið í hann nýju ákvæði um endurskoðun raforkuverðs á 5 ára fresti. Er þess að vænta að með þessu ákvæði opnast leið til þess að ákveða raforkuverðið sem næst því sem eðlilegt getur talist á hverjum tíma. Slíkt endurskoðunarákvæði hefði verið sjálfsagður hlutur í samningnum frá upphafi, eins og framsóknarmenn bentu á þegar málið var til meðferðar Alþingis vorið 1966. Hitt er annað að endurskoðunarákvæðin, eins og þau nú liggja fyrir í 28. gr. raforkusamningsins, eru engan veginn ótvíræð til skilnings og túlkunar. Gildi þessara ákvæða kemur ekki skýrt í ljós af orðum þeirra einum saman. Um gildi þessara ákvæða verður að bíða reynslunnar. Er síst að undra þótt álit manna á hinu nýja endurskoðunarákvæði, sem ekki hefur hlotið dóm reynslunnar, velkist eitthvað milli vona og efasemda.

Undirritaðir nefndarmenn taka fram að þeir hafa allan fyrirvara á um fylgi sitt við hugmyndir um stækkun álbræðslunnar í Straumsvík eins og þær koma fram í svokölluðum bráðabirgðasamningi frá 28. sept. 1983 og svonefndu bréfi um samkomulag „frá 5. nóv.“ 1984, undirrituðu af iðnaðarráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands og tveim forstjórum Alusuisse fyrir hönd þess félags.

Að dómi undirritaðra er slík stækkun ekki eftirsóknarverður kostur í atvinnumálum Íslendinga. Þær kostnaðarsömu orkuframkvæmdir, sem kynni að leiða af stækkun álversins, verða eingöngu fjármagnaðar með erlendu lánsfé. Er augljóst að á slíkar stórlántökur er ekki bætandi og þeim mun síður þar sem meginþungi skuldabyrðar þjóðarinnar er af völdum erlendra lántöku til orkuframkvæmda, sem telja má nægar í bili, svo að hægja mætti á orkuframkvæmdum, a. m. k. um sinn. Við undirritaðir óttumst að frekari stækkun álversins í Straumsvík mundi tefja fyrir fjárfestingu í nýjum atvinnugreinum og stofnun eða endurskipulagningu fyrirtækja sem betur munu henta þörfum Íslendinga fyrir fjölbreytt atvinnulíf og fleiri störf í vaxandi þjóðfélagi. Vilja undirritaðir fyrir sitt leyti vara við því að Íslendingar haldi áfram að fylgja fram stóriðjustefnu og orkustefnu sem þegar hefur runnið sitt skeið og vinnur gegn þeirri þjóðfélagsgerð og atvinnuuppbyggingu sem betur mun henta Íslendingum á komandi árum og áratugum. Stóriðjustefnan er á fallanda fæti. Um þá framtíðaruppbyggingu atvinnulífsins, sem við höfum í huga, vísast til nýlegrar samþykktar miðstjórnar Framsóknarflokksins í atvinnumálum en þar er stóriðjustefnan eins og hvert annað aukaatriði.

Þrátt fyrir þessar almennu athugasemdir og fyrirvara um einstök atriði, sem tengjast þessu máli, teljum við þá hækkun orkuverðs, sem um er samið, mikilvæga úrbót miðað við þau óviðunandi kjör sem Íslendingar hafa búið við samkvæmt núgildandi orkusamningi og mælum því með samþykkt frumvarpsins eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 27. nóv. 1984.

Páll Pétursson, Ingvar Gíslason.
form., frsm.